



Mál nr. S-83/2025 - Skýrsla starfshóps um lagaumgjörð hvalveiða

Þann 13. febrúar 2024 skipaði þáverandi matvælaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, starfshóp til að rýna og skila skýrslu um stjórnýslu og lagaumgjörð hvalveiða, þ.m.t. alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins og skyldur stjórnvalda á þeim grundvelli.

Starfshópurinn hefur lokið vinnu sinni og skilaði skýrslunni til atvinnuvegaráðherra í byrjun maí. Skýrsla starfshópsins var í samráðsferli á samráðsgátt stjórnvalda frá 6. maí til 20. maí og alls bárust 383 umsagnir á þeim tíma.

Margar umsagnirnar eru á þá leið að Íslendingar eigi að hætta hvalveiðum og rökin sem færð eru fyrir því sjónarmiði eru m.a. dýravelferð, verndun líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfisnálgun, siðfræði og verndun villtra dýra ásamt mikilvægis hvalaskoðunar innan ferðaþjónustunnar.

Nokkrar, en um leið efnismiklar umsagnir, fjalla um réttmæti þess og mikilvægi að halda hvalveiðum áfram og rökin sem færð eru fyrir því sjónarmiði eru m.a. atvinnufrelsi og stjórnarskrárvarinn réttindi, vistkerfisnálgun, meðalhóf og jafnræði.

Atvinnuvegaráðuneytið þakkar framlag þeirra fjölmörgu aðila sem sýndu málefninu áhuga með því að senda inn umsagnir. Allar þessar umsagnir verða mikilvægt innlegg í vinnu ráðuneytisins þegar ákvörðun um framtíð og lagaumgjörð hvalveiða verður tekin.